

kenning hans um líf. Hann segir að líf sé undirstaða allrar tilveru. Þessu allsherjar lífi líkir hann við straum, sem hefir upp-tök; lífið byrjaði einhvern tíma, það er ekki eilíft. Allsherjar lífið er sálarlegs eðlis og í því fólst meðvitund strax í upphafi. Alt frá upptökum sínum og fram á þennan tíma hefir lífið þróast og vaxið; það hefir verið í stöðugri framför. Framþróun er ekkert annað en hið mikla alheimsstarf lífskraftarins. En þessi framþróun lífsins er ekki hindrunarlaus. Það fellur stöðugt til baka í framrásinni, og um leið og það fellur til baka skapast efn-ið. Efn-ið er þar af leiðandi líf, sem er eins og að kulna út, eftir að hafa blossað upp; það er eins og vatnið í gosbrunninum, sem stöðugt fellur ofan í brunninn eftir að það hefir gosið upp. Í manningnum er lífið á sérstöku stigi. Þar framleiðir það skynsemi, sem mætir afturstreyminu, eða efninu, og á í höggi við það. Reyndar verður allur lífsstraumurinn fyrir mótspyrnu frá þessu öfugstreymi, sem er kallað efni, en í mannlegri skynsemi verður það að vissu leyti yfirstigið með hugsuninni.

Allsherjar lífið, segir Bergson að verði aldrei skilið með ein-tómu viti. Vitið er að eins aukaframleiðsla í hinum mikla lífsstraumi. En vér höfum hugskoðun (intuition) jafnframt því sem vér höfum vit, og það er þessi hugskoðun sem fær gripið sannleika tilveruheildarinnar. Á lægri stigum lífsins, þar sem engin sjálfsmeðvitund á sér stað, er þessi hugskoðun eðlisávisun (instinct).

Bergson segir ekkert um* tilgang og markmið allsherjarlífsins. Að eins að svo miklu leyti sem það brýzt úr fjötrum efnisins (sinnar eigin afturfara) er afleiðingin sjálfræði og innri eining.

Þetta er útskýring eins spekinga nútímans á hinni dýpstu ráðgátu mannsandans. Hún er frumleg og stingur mjög í stúf við flestar þær eldri, sem hafa talið efn-ið eða andann undirrót alls. Hér er það lífskraftur, sem þó er ekki án meðvitundar og þess vegna ekki blint afl, sem er undirrótin.

Það er ekki líklegt að skoðun eins og þessi verði nokkurn tíma viðtekin af fjöldanum, en það er spá ýmsra, að hún eigi eftir að hafa mikil áhrif á lífsskoðanir og hugsunarhátt, eins og allar frumlegar heimspekisskoðanir hafa haft.